



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 21. september 2021
SFS2020080116
217. fundur
HG

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi viðræður Reykjavíkurborgar og Hjallastefnunnar um opnun skóla í Grafarvogi

Á 188. fundi skóla- og frístundaráðs, 18. ágúst 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir öllum gögnum vegna samskipta í viðræðum Reykjavíkurborgar og Hjallastefnunnar vegna opnunar skóla í norðanverðum Grafarvogi.

Svar:

Meðfylgjandi er umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 5. mars 2021, varðandi fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.



Reykjavíkurborg

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 5. mars 2021

R20080132

120

Skóla- og frístundasvið
Helgi Grímsson
Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Umsögn um fyrirspurn um öll gögn vegna samskipta Reykjavíkurborgar og Hjallastefnunar vegna opunar skóla í Grafarvogi. (SFS2020080116)

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 18. ágúst 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

„Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir öllum gögnum vegna samskipta í viðræðum Reykjavíkurborgar og Hjallastefnunar vegna opunar skóla í norðanverðum Grafarvogi. Grafarvogs“

Umsögn.

Bréf og viðbótarerindi til eignaskrifstofu fylgir hér með eftir opnun tilboða.

Skóla- og frístundasvið skilaði húsnæðinu til eignasjóðs í júlí 2020. Húsnæðið var í framhaldinu auglýst til leigu og skiluðu tveir aðilar inn tilboði auk þess að einn aðili skilaði inn bréfi um ósk um viðræður. Sjá nánar hér

<https://reykjavik.is/auglysingar/korpuskoli-til-leigu>

Bjóðendur voru Velferðasvið Reykjavíkurborgar og Stubbasetrið. Hjallastefna skilaði ekki inn tilboði en óskaði eftir viðræðum. Skiluðu síðan inn viðbótarupplýsingum.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskaði eftir að taka á leigu hluta Korpuskóla undir dagþjónustu fyrir fatlað fólk og rekstur vinnustaða fyrir verndaða vinnu, hæfingu og virknipjálfun fatlaðs fólks. Viðræður eru í gangi við Velferðasvið um leigu. Stubbasetrið hafði áhuga á að reka ungarnaskóla fyrir 30-50 börn en drógu síðan tilboð sitt til baka.

Í vetur hefur Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins nýtt hluta húsnæðis undir kennslu og námskeið í sjúkraflutningum. Er þetta vegna Covid19 en þrengsli var vandamál þar sem þeir voru áður. Skóla- og frístundasvið nýtir hluta hússins undir kennslu um 50 barna meðan unnið er að lagfæringum í Dalskóla.

Hjálagt:

Bréf Hjallastefnu við opnun tilboða dags. 28. ágúst 2020.

Tölvupóstur Hjallastefnu dags. 24. september.

Óli Jón Hertervig
skrifstofustjóri eignaskrifstofu

Húsnæði Korpuskóla Bakkastaðir 2

Eignaumsýsla Reykjavíkurborgar
b/t Óla Jóns Hertervíg

+354 555 7020
hjallastefnan@hjalli.is
hjalli.is

Reykjavík, 28. ágúst 2020

Áhugi á húsnæði

Með bréfi þessu vill Hjallastefnan ehf. lýsa yfir áhuga sínum á viðræðum við Reykjavíkurborg um mögulega leigu á húsnæði því sem hýst hefur Korpuskóla að Bakkastöðum 2, 112 Reykjavík.

Áhugi Hjallastefnunnar stendur til þess að nýta húsnæðið til reksturs bæði grunnskóla og leikskóla, en sérstaklega er stefnt að því að hafa ungarnadeild í leikskólanum. Sem stendur rekur Hjallastefnan nú 3 grunnskóla og 15 leikskóla víða um land eða í 11 sveitarfélögum.

Forsenda fyrir framangreindri nýtingu er að þjónustusamningar náist við Reykjavíkurborg varðandi rekstur hvors skóla um sig fyrir a.m.k. 100 börn í hvoru tilvik. Óskað hefur verið eftir viðræðum vegna þessa, sbr tölvupóstur til Skúla Helgasonar þann 8.mái 2020.

Hjallastefnunni er kunnugt um að Eignaskrifstofa Reykjavíkurborgar hefur auglýst húsnæðið til leigu og kallað eftir tilboðum um leiguverð ásamt upplýsingum um fyrirhugaða nýtingu þess. Á meðan ekki liggja fyrir þjónustusamningar, sbr. framangreint, getur Hjallastefnan, að svo stöddu, ekki lagt fram slíkt tilboð, en telur engu að síður rétt að upplýsa um áhuga sinn. Að því gefnu að framangreind auglýsing eftir tilboðum leiði ekki til útleigu á húsnæðinu, þá óskar Hjallastefnan eftir fundi við fyrsta tækifæri með fulltrúum Eignaumsýslu Reykjavíkurborgar til að ræða málið.

Framtíðarsýn Hjallastefnunnar í Staðahverfi

Stefna Hjallastefnunnar er að það verði starfræktur leik- og grunnskóli í húsnæðinu fyrir um það bil 200 börn á aldrinum eins til 12 ára. Í hverjum árgangi verða um 20 börn. Fyrst um sinn yrði einungis starfræktur leikskóli í húsnæðinu, en eftir tvö til þrjú ár yrði boðið upp á grunnskólastarf. Þannig myndu elstu nemendur á leikskólastigi verða yngstu nemendur á grunnskólastigi þegar fram líða stundir.

BS



Hjallastefnan

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is

Um Hjallastefnuna

Hjallastefnan er íslenskt menntafyrirtæki á leik- og grunnskólasviði sem starfrækir nú 18 skóla og er með samninga við 11 sveitarfélög víðs vegar um landið. Nemendafjöldi, samanlagður, er yfir 2.000 börn og starfsmenn um fimmhundruð. Að auki er rekinn skóli í Glasgow, Skotlandi, undir merkjum og hugmyndafræði Hjallastefnunnar, við góðan orðstír. Hugmyndafræði Hjallastefnunnar byggir á 30 ára reynslu og sem fyrirtæki í rekstri hefur Hjallastefnan starfað í 20 ár sem leiðandi skólafyrirtæki. Þannig hefur fyrirtækið meðal annars mikla reynslu og þekkingu af uppbyggingu nýrra skóla, þjálfun starfsfólks, gæðaeftirliti og samvinnu við ólík sveitarfélög um sérstakar lausnir, sniðnar að þörfum hvers og eins.

Markmið Hjallastefnunnar er að bjóða upp á skólastarf, byggt á hugmyndafræði stefnunnar og annast jafnframt rekstur viðkomandi skóla með það að markmiði að fag- og rekstrarleg ábyrgð sé á einni hendi. Finna má yfirlit yfir skóla þá er reknir eru af Hjallastefnunni sem og þau sveitarfélög sem Hjallastefnan hefur gert samninga við á heimasíðunni <https://www.hjalli.is/>. Allir þjónustusamningar eru með svipuðu sniði og byggja á áralangri hefð sem gefið hefur góða raun.

Rekstrarfyrirkomulag Hjallastefnunnar

Hjallastefnan rekur þegar, í góðu samstarfi við Reykjavíkurborg, Laufásborg við Laufásveg, sem er einn vinsælasti og umsetnasti leikskóli landsins, og Öskju og Barnaskólann í Reykjavík sem standa á lóð Háskólans í Reykjavík við Öskjuhlíð. Þeir samningar sem Hjallastefnan hefur gert við sveitarfélög í gegnum tíðina eru sniðnir að óskum og þörfum hvers sveitarfélags fyrir sig, þannig eru samningar ekki allir greiptir í sama mót. Þó eiga allir samningar það sammerkt að leitast er við að finna sameiginlegar forsendur með sveitafélögum til þess að reikna út sanngjarnt verð og gegnsætt fyrir þjónustuna sem innt er af hendi. Grundvallarforsenda er ávallt sú að sambærileg fjárhæð sé greidd fyrir þjónustu Hjallastefnunnar og greidd er fyrir sambærilega leik- eða grunnskóla í sveitarfélaginu.

Reynsla Hjallastefnunnar

Eins og fram hefur komið þá rekur Hjallastefnan leik og grunnskóla víða um land og segja má með sanni að gott samstarf hafi náðst á milli aðila þar sem Hjallastefnan hefur rekið sína skóla. Þessu til stuðnings má benda á starfsmannakannanir og kannanir sem lagðar eru fyrir fjölskyldur barna sem stunda nám í skólum Hjallastefnunnar, þar er spurt um afstöðu, líðan og mat á einstökum þáttum skólastarfsins. Slíkar ánægjukannanir hafa gefið tilefni til þess að ætla að starfsfólk og fjölskyldur þrífist vel í samstarfi við Hjallastefnuna. Eins hafa nemendur Hjallastefnunnar alla jafna komið vel út úr samræmdum prófum og öðrum könnunum.

Hjallastefnan hefur aukinheldur vakið athygli fyrir nýstárlegar nálganir í kennslu og uppbyggingu skólaumhverfis. Þannig eru nemendur við skóla Hjallastefnunnar í skólafötum á meðan á skólastarfi stendur og er það gert til



Hjallastefnan

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is

Þess að auka á samheldni og draga úr samanburði. Áberandi merkingar setja mark sitt á Hjallastefnuskóla, þannig má finna skýrar merkingar á gólfum, veggjum, hurðum og leiksvæðum barna. Börn fá aukinheldur meira svigrúm til þess að velja sér viðföng heldur en gengur og gerist, en valfundir eru áberandi í skólastarfi, þar sem börnin sjálf taka ákvörðun um það sem þau taka sér fyrir hendur. Það sem hvað mesta athygli hefur vakið er þó kynjaskipt hópastarf, en Hjallastefnan hefur frá upphafi kynjaskipt nemendum í kennslustundum. Forsendur kynjaskiptingar Hjallastefnunar felast í jákvæðri kynjablöndun þar sem kynjum er gert kleift að mætast á jafningjagrundvelli, en nánari upplýsingar um ástæður þessa má finna á vefsíðu Hjallastefnunnar, sjá nánar https://www.hjalli.is/q_n_a/

Hjallastefnan hefur skýra stefnu í matarstöðlum, fjölbreytni og hollusta eru í fyrirrúmi. Eins er lagt upp með sjálfbærni og umhverfisvernd bæði í leik og starfi. Aðrir þættir sem vakið hafa athygli eru meðal annars sú kyrrð og ró sem oft þykja einkenna skólastarf í Hjallastefnuskólum, en minni hávaði mælist í skólum Hjallastefnunnar en gengur og gerist. Sjónrænu áreiti er einnig haldið í lágmarki til þess að auka einbeitingu. Frímínútur í hefðbundnum skilningi þekkjast ekki í skólastarfi Hjallastefnunnar. Kennarar verja umtalsverðum tíma utandyra ásamt hópum sínum við leik og mikið er lagt upp úr útiveru en þó aldrei þannig að öll börn skóla safnist á útisvæði samtímis án kennara. Með þessu fyrirkomulagi hafa skólar Hjallastefnunnar náð góðum árangri í baráttu gegn eineltistilburðum og útilokun.

Að lokum

Skólahúsnæðið sem stendur nú autt við Bakkastaði 2 er veglegt hús á dásamlegum stað. Sannarlega mætti segja að synd væri ef húsnæðið væri ekki nýtt undir þá starfsemi sem það var upprunalega byggt til þess að sinna. Á reitnum sjáum við fyrir okkur blómlega starfsemi, glaðbeitt börn og fjölskyldur. Þá má leiða líkum að skólastarf Hjallastefnunnar mundi ná út fyrir það hverfi sem skólinn er staðsettur í.

Bestu kveðjur

Þórunn's farna hugarverð.

Þórunn Hjallastefnan

Tölvupóstur frá Hjallastefnu dags 24 september 2020 vegna tilboðs í Korpuskóla

Frá: Þórdís Jóna Sigurðardóttir <thordis@hjalli.is>

Sent: fimmtudagur, 24. september 2020 14:23

Til: Helgi Grímsson <Helgi.Grimsson@reykjavik.is>; Óli Jón Hertervig <oli.jon.hertervig@reykjavik.is>; Alma Guðmundsdóttir <alma@hjalli.is>

Efni: Korpuskóli

Kæru félagar,

Erindi mitt er fyrir hönd Leikskóla Hjallastefnunnar ehf kt 5501190130 um formlega ósk um þjónustusamning við SFS og ítrekun um á ósk leigu á hluta af húsnæði Korpu.

Með þessu pósti vil ég því itreka tilboð í hluta af Korpuskóla sbr, samtal við Óla Jón með fyrirvara um að SFS samþykki þjónustusamning við Hjallastefnan leikskólar.

Þjónustusamningur

Hjallastefnan leikskólar fara formlega fram á að fá þjónustusamning um ungbarnaskóla sem og leikskóla, byggt á samningi Reykjavíkurborgar við SSSK. Gert er ráð fyrir allt að 100 barna leikskóla og þar af um 30 - 40 ungbörnum fyrstu árin en muni síðan jafnast út eftir því sem skólinn eldist, ca 20 börn í hverjum aldursflokki.

Leiguverð

Leiguverð fyrir Korpuskóla mun taka mið af fjölda barna hverju sinni í skólanum. Í dag greiðir Reykjavíkurborg kr. **24.949** í húsnæðisframlag samkvæmt samningi við SSSK með hverju barni í 11 mánuði á ári. Leiguverð sem greitt verður til Reykjavíkurborgar er 75% af húsnæðisframlagi með hverju barni þar sem hluta af kostnaði við húsnæði lendir á Leikskóla Hjallastefnunnar.

Ekki hika við að hafa samband ef eitthvað er ekki ljóst eða þarfnast skýringa,

kærar kveðjur,

Þórdís